

**FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR**  
**HALDINN 09.05.2018 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á**  
**KIRKJUBÆJARKLAUSTRI**  
**Fundur nr. 156**

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), og Sverrir Gíslason (Ó). Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) boðaði forföll.

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

**Kl. 14:30 Heilsuleikskólinn Kæríbær**

Mætt: Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri. Fulltrúi foreldra boðaði forföll og ekki tókst að boða varamann.

**1. Skóladagatal.**

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatal fyrir sitt leyti, með áorðnum breytingum.

**2. Læsisstefna.**

Fræðslunefnd samþykkir læsisstefnu Heilsuskólans Kærabæjar, fyrir sitt leyti.

**3. Starfsmannamál.**

Guðrún leikskólastjóri greinir frá breytingum á starfsmannahaldi. Auglýst hefur verið eftir tveimur deildarstjórum og einum starfsmanni til viðbótar í fullar stöður. Samtals verða stöðugildi eftirfarandi: Leikskólastjóri/sérkennsla, tveir deildarstjórar og fjórir leikskólakennarar/starfsmenn. Samtals sjö stöðugildi.

**4. Önnur mál.**

a) Eineltisstefna.

Fræðslunefnd samþykkir eineltisstefnu fyrir nemendur Heilsuleikskólans Kærabæjar fyrir sitt leyti.

b) Boðleiðir vegna barnaverndarmála.

Leikskólastjóri kynnir nýja verkferla varðandi boðleiðir, þegar upp koma barnaverndarmál.

c) Verkferlar í sérkennslu.

Leikskólastjóri kynnir verkferla varðandi sérkennslu.

**Kl. 15:15 Fræðslunefnd**

**1. Reglur um skólaakstur.**

Fræðslunefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

**2. Heilsudagar.**

Fræðslunefnd sótti um styrk í Skaftárhreppur til framtíðar. Búið er að úthluta og fræðslunefnd fékk úthlutað 300.000 krónum (þrjúhundruðþúsund). Skilyrt að um sé að ræða aðkeyptan fyrirlestur/viðburð, sem verði hluti af dagskrá Heilsudaga.

**3. Bréf dagsett 7. maí 2018, frá LÍlian Carvalho.**

Fræðslunefnd þakkar fyrir bréfið og ábendingar sem í því eru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 blaðsíður (bls. 21 – 22).

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Arndís Jóhanna Harðardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)